



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Fjárlaganefnd
b.t. Stefáns Vagns Stefánsson
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík

Vesturbyggð, 17. október 2023
2211036 PSS

Efni: Beiðni um framlag fjárlaganefndar

Vesturbyggð vinnur að því að klára endurbætur og uppbyggingu Vatneyrabúðarinnar, að Aðalstræti 1 á Patreksfirði, fasteignar sem var byggð árið 1916 af einum útgerðaraðila sveitarfélagsins. Sú atvinnustarfsemi sem fram fór í Vatneyrabúðinni er mikilvæg í atvinnusögu Patreksfjarðar. Í fjölda ára var í húsinu verslun, vörugeymsla og skrifstofur þar sem útgerð var stjórnað, fyrst af Ólafi Jóhannessyni og síðan af sonum hans, Vatneyrabræðrum. Þegar starfsemi var hætt í Vatneyrabúðinni stóð búðin eftir með öllum innréttingum og gögnum.

Það er vegna þessa mikilvæga hlutverks Vatneyrabúðarinnar sem það er ánægjulegt að húsnaðið mun nú fá nýtt hlutverk í atvinnusögu Patreksfjarðar. Í Vatneyrabúðinni er unnið að stofnun þekkingaseturs. Innan þekkingasetursins verður rannsóknar- og þróunarsetur fiskeldis sem skapar vettvang í nærumhverfi fiskeldis fyrir einstaklinga og stofnanir sem vinna að rannsóknum og eftirliti í fiskeldi og tengdum greinum. Hluti af rannsóknar- og þróunarsetrinu er að útbúið verður blautrými með aðstöðu fyrir grunnrannsóknir í tengslum við lífríki sjávar. Þekkingasetrið er þáttur í því að efla starfsstöðvar í námunda við fiskeldið og tryggja þannig sjálfstæði eftirlitsaðila gagnvart eftirlitsskyldum aðilum. Þekkingasetrið hýsir einnig samvinnurými með aðstöðu fyrir störf án staðsetningar, einyrkja og frumkvöðla og vinnuástöðu háskólanema.

Þar sem Vatneyrabúðin skiptir samfélagið miklu máli vegna atvinnusögu Patreksfjarðar er mikilvægt að vanda til verka og við innanhússhönnun verður sögu hússins gert hátt undir höfði, m.a. með því að hluti af gömlu húsgögnunum og innanstokksmunum verði nýtt og aðlagð að samtíma atvinnuháttum.

Vesturbyggð óskar hér með eftir framlagi fjárlaganefndar til stuðnings uppsetningar rannsóknar- og þróunarseturs fiskeldis upp á 18 milljónir króna.

Virðingarfyllt

Þórdís Sif Sigurðardóttir
Bæjarstjóri

